

Forsætisnefnd

Fyrirkomulag og tímasetningar borgarstjórnarfunda vegna umræðna um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2020 og fimm ára áætlun 2020-2024.

Samkvæmt fundadagatali borgarstjórnar fyrir 2019-2020 er gert ráð fyrir umræðum um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fimm ára áætlun á reglulegum fundum borgarstjórnar 5. nóvember nk. og 3. desember nk.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki eftirfarandi:

Við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fimm ára áætlun verða eftirfarandi liðir á dagskrá; frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 ásamt greinargerð og starfsáætlunum, frumvarp að fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2020-2024, tillögur borgarstjóra um álagningarhlutfall, gjalddagaskiptingu, fyrirkomulag afsláttar og gjaldskráa 2020 og bundnir liðir borgarstjórnar s.s. fundargerðir. Fyrri umræða skal hefjast kl. 12.00 sammælist forsætisnefnd að einungis oddvitar taki til máls.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fimm ára áætlun verða eftirfarandi liðir á dagskrá; fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2020; síðari umræða ásamt breytingatillögum, fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar 2020-2024; síðari umræða ásamt breytingatillögum og bundnir liðir borgarstjórnar s.s. fundargerðir. Síðari umræða skal hefjast kl. 10.00.

Pawel Bartoszek
forseti borgarstjórnar

